

2. Borgun þá, er vottunum ber fyrir ómak sitt, ber skiptaráðanda að leggja þeim út úr viðkomandi búi samkvæmt 68. gr. aukatekjureglugjörðar 10. sept. 1830. **25**  
31. jan.

3. Bók sú, er hreppstjóri á að rita í virðingargjörðirnar, skal útveguð á sama hátt og aðrar embættisbækur hreppstjóra samkvæmt því, er þarum mun verða fyrirskipað í reglugjörð fyrir hreppstjóra.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um byggingarstæði á Mjóeyri við Eskifjörð.* — Með brjefi frá 18. f. m. meðtók jeg þóknanlegt álit yðar, herra amtmaður, um brjef sýslumannsins í Suður-Múlasýslu, þar sem hann meðal annars skýrir frá, að hann hafi veitt norskum manni borgarabryf á Eskifirði, með því skilyrði að hann byggi þar, og í annan stað spyr, hvort hann megi leigja þessum manni hina svo kölluðu Mjóeyri, er keypt var samkvæmt konungsúrskurði 6. marz 1807, til þess að leggjast undir Eskifjarðarkaupstað, en síðan ekki hefir verið notuð. **26**  
31. jan.

Út af þessu vil jeg tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutáðeigöndum, að jeg finn ekkert því til fyrirstöðu, að hinum nefnda manni verði útvisað byggingarstæði á Mjóeyri.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um afgreiðslugjald af skipum.* — Með brjefi frá 19. f. m. meðtók jeg þóknanlegt álit yðar, herra amtmaður, um eptirnefndar tvær fyrirspurnir sýslumannsins í Húnavatnssýslu áhrærandi gjöld þau fyrir áteiknun skipaskjala, er getur um í aukatekjureglugjörð 10. sept. 1830 62. gr.: **27**  
31. jan.

1, Hvort strandsiglingaskipinu Díönu beri að greiða gjald þetta í hvert skipti og það kemur við á Skagaströnd.

2, Hvort kaupskip, er eptir komu sína frá útlöndum hefir greitt hið umrædda gjald, en síðan hefir verið notað til vöruflutninga hafna og sýslna á milli án þess að fara til útlanda, eigi af nýju að greiða tjeð gjald, þegar það kemur aptur til hinnar sömu sýslu úr flutningsferðum sínum.

Fyrir því vil jeg tjá yður það, er nú segir til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar.

Eins og þjer, herra amtmaður, hafið tekið fram, inniheldur 8. gr. laga 15. apríl 1854 hina gildandi ákvörðun um afgreiðslugjald af kaupskipum, og er þar fyrirskipað, að þegar skip hefir hafnað sig á Íslandi, skulu skipsskjölin sýnd lögreglustjóranum, skal hann rita á þau, og skal þar fyrir greiða 16 sk. af lest hverri af farmrúmi skipsins, ef skipið algjörlega affermir og fermir í umdæmi sama lögreglustjóra, en affermi og fermi skipið á höfnum í ýmsum lögsagnarumdæmum, þá á að eins að greiða helming gjaldsins á hverjum þeim stað, þar sem skipið affermir eða fermir. Eins og nefnd lög í heild sinni að eins snerta verzlun og siglingar milli Íslands og útlanda, þannig virðast einnig ofantjeð orð 8. greinar: «þegar skipið hefir hafnað sig á Íslandi» að benda á, að hjer sje einungis að ræða um skip, er koma frá útlöndum og sem afferma vörur, er þau hafa flutt þaðan, eða ferma sig vörum, er þau ætla að flytja þangað, og að afgreiðslugjald það, sem spurning er um, eigi því að eins að greiða einu sinni í hverju umdæmi, er skip affermir eða fermir sig vörum til að flytja milli Íslands og útlanda, jafnvel þó að skipið á þessari